

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Sigríður Jónsdóttir  
mezzósópran  
og  
Nína Margrét Grímsdóttir  
píanóleikari



Kaffistofa safnsins verður opin að tónleikunum loknum

Priðjudaginn 17. ágúst 1993 kl 20:30

**Sigríður Jónsdóttir** hóf sögnum hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur í söngskólanum í Reykjavík árið 1980. Eftir stúdentspróf hélt hún til Bandaríkjanna í framhaldsnám og árið 1989 lauk hún BM prófi frá Háskolanum í Illinois. Síðastliðin þrjú ár hefur hún sott söngtíma til James Shomate og Daniel Ferro í New York. Sigríður hefur haldið tónleika í Reykjavík og víðar og meðal annars komið fram á tónleikum í tónleikaröð Gerðubergs ásamt Ernu Guðmundsdóttur sópransöngkonu og sem einsöngvari með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Sigríður er enn fremur meðlimur í sönghópnum Hljómeyki. Næsta veturna mun Sigríður stunda nám við Mannes College of Music í New York. Auk styrks frá skólanum mun Fulbright stofnunin veita henni fjárstuðning á námstímanum.

**Nína Margrét Grímsdóttir** lauk einleikaraprófi frá tónlistarskólanum í Reykjavík 1985 og hlaut styrki frá British Council og American - Scandinavian Foundation til framhaldsnáms í Englandi og Bandaríkjum. Hún lauk Mastersprófi frá City University í London 1989 og Professional Studies Diploma frá Mannes College of Music í New York 1993. Nína Margrét hefur komið viða fram sem einleikari og í kamertónlist hérlandis og erlendis, meðal annars með Kammersveit Reykjavíkur og City University Chamber Orchestra í London. Nína Margrét starfar við píanoleik í New York og mun jafnframt hefja doktorsnám við C.U.N.Y. í haust.

*Abegg - tilbrigðin* voru saman árið 1830 og voru jafnfram fyrsta prentaða tónsmíð Schumanns. Í þeim leikur tónskáldið sér með tónana *a b e g g* sem reyndar var nafn á vinstúlkuna hans á þeim tíma, en slík sameining texta og tóna einkenndi vinnubrögð Schumanns.

*Jeux d'Eau* (Leikir vatnsins) var samið árið 1901 og er eitt af fyrstu píanóverkum Ravel. Í því vinnur tónskáldið með nýja píanótækni og framandi hljómaskipan sem meðal annars einkennist af pentatóník. Kveikja verksins er tilvitnun eftir Henri de Régner „Dieu fluvial riant de l'eau qui le chatouille“ (Vatnaguðinn hlær við gælum vatnsins).

## Efnisskrá

Jón Þórarinsson  
(1917)

Páll Ísólfsson  
(1893 - 1974)

Franz Schubert  
(1797 - 1828)  
Johannes Brahms  
(1833 - 1897)  
Robert Schumann  
(1810 - 1856)

Robert Schumann  
Samuel Barber  
(1910 - 1981)

Maurice Ravel  
(1875 - 1937)

Gabriel Fauré  
(1845 - 1924)

Fuglinn í fjörunni (1939)  
Þjóðvísá  
Íslenskt vögguljóð á Höru (1939)  
Halldór Laxness

Í dag skein sól, óp. 2 nr. 1  
Söngur bláu nunnanna  
Litla kvæðið um litlu hjónin  
Davíð Stefánsson

Frühlingsglaube, óp. 20 nr. 2  
Ludwig Uhland  
Sappische Ode, óp. 94 nr. 4  
Hans Schmidt  
Stille Tränen, óp. 35 nr. 10  
Justinus Kerner

Abegg - tilbrigðin óp. 1 (1830)  
The Daisies, óp 2 nr. 1  
James Stephens  
Rain has fallen, óp. 10 nr. 1  
James Joyce  
Nocturne, óp. 13 nr. 4  
Frederic Prokosch

Jeux d'Eau (1901)

Poème d'un Jour, óp. 12 nr. 1,2,3  
Rencontre  
Toujours  
Adieu  
Charles Grandmougin

*Frühlingsglaube*

Ludwig Uhland

*Vortrú*

Mjúkur vorblær vaknar enn á ný,  
andar mildi nött og dag,  
og ásetningurinn er einn.

Ó, sæta gola, ó, sætu hljómar!

Hjarta mitt óttastu eigi,  
senn mun allt sannarlega breytast.

Með hverjum degi meiri fegurð,  
og aldrei að vita hvar þetta endar.  
Gróskan kann sér engin takmörk  
jafnvel fjarlægstu dalir blómgast á ný.  
Ó vesæla hjarta gleymdu nú sútinni,  
því senn mun allt sannarlega breytast.

BJ

*Sappische Ode*

Hans Schmidt

*Saffóaróður*

Ég tindi rósir af runna í myrkrinu,  
og þær ilmuðu sætar en nokru sinni í björtu,  
en stilkarnir titruðu og vættu mig  
með næturðögginni.

Og aldrei voru kossarnir svo sætir, sem þeir  
sem ég las af vörum þínum í myrkrinu,  
og þú titraðir líka, - eins og rósin,  
með dögg á hvörmum.

BJ

*Stille Tränen*

*Pögul tár*

Þú ert risinn af svefni  
og gengur yfir engið.  
Þarna hvílir himinninn unaðsblár  
yfir öllum löndum.

Meðan þú svafst áhyggjulaus  
og án nokkurs sársauka  
hefur himinninn fellt flóð af tárum  
alveg fram undir morgun.

Á hljóðum nöttum grætur  
margur frá sér sársaukann,  
og að morgni haldið þið þá  
að hjarta hans sé ávallt glaðvært.

Reynir Axelsson

*The Daisies*

James Stephens

*Baldursbrárnar*

Í ilmandi brumi morgunsins, Ó,  
er golan gáraði grasið í fjarska!  
Leit ég mína ljúfu á gangi,  
á baldursbrárengi.

Við hlögum ekki, og við mæltum ekki,  
þar sem við eigrudum í gleði okkar,  
ég kysssti mína ljúfu á vangana báða,  
í morganbruminu Ó!

Lævirki söng neðan af golukri;  
Lævirki söng ofan úr skýjum burt;  
meðan við gengum hönd í hönd,  
á baldursbrárengi.

BJ

Justinus Kerner

*Rain has Fallen*

*Regn*

Það hefur right í allan dag.  
Ó, komdu með að skrýddum trjánum:  
Laufín hylja stíginn,  
minninganna.

Dokum við á minningaslóð,  
förum við.  
Komdu míin kæra þangað sem ég  
má tala við hjarta þitt.

BJ

*Nocturne*

Frederic Prokosch

*Næturljóð*

Lokaðu ástin míin augum tveim,  
lát arma hvíla loks um stund.  
Lygn er orðin lygamóðan  
og lostastormar hljóðir.

Vindar þessa váljúgssanda  
fylla hjartað, ljúka degi.  
Við gælur þinna fimu handa  
svifur sút á bak og burt.

Loga enn af losta og þrá,  
líkama þíns tindar,  
Loka ljúfust hrærðri brá  
myrkrið augun verndar.

Í norðri ljómar Orionshornið  
Í vestri logar Egyptans ljós.  
Vakir enginn yfir okkur,  
nema blinduð eilífðarnótin.

BJ

James Joyce

Kvæði um dag

1. Samfundur

Ég var dapur og hugsi þegar ég mætti þér;  
i dag finn ég minna til þrálátrar þjáningsar minnar.  
Ó seg mér, varstu konan sem ég átti ekki von á,  
draumsýnin fullkomna sem menn leita til einskis?  
Ó vegfarandi með augun bliðu, varstu vinan  
sem færir hamingju einmana skáldi?  
Og muntu skína á endureflda sál mína  
eins og átthagahiminninn á hjarta útlagans?

Einrænni hryggð þinni, sem er eins og míni,  
er að skápi að líta sólina hniga til hafs.  
Eldmóður þinn tendrast við ómælisvíddir,  
og töfrar kvöldsins eru fagurri sál þinni kærir.  
Leyndardómsfull og ljúf samúð  
hefur hlekkjað mig við þig eins og lifandi fjötur,  
og sál míni skelfur, innblásin af ást,  
og hjarta mitt unnir þér án þess að þekkja þig vel!

2. Að eilífu

Þú biður mig um að þegja,  
að flýja langt í burt frá þér að eilífu,  
og að fara burtu aleinn  
án þess að muna hverja ég elska.

Bið þú heldur stjörnurnar  
að þær hrapi út í ómælisgeim,  
og nöttina að hún kasti blæju sinni,  
daginn að hann glati ljóma sínum!

Bið þú úthafið breiða  
að það þurrki upp voldugar öldur sínar,  
og þegar vindarnir æða, að það  
sefi þunglyndisleg andvörp sín.

En væntu þess ekki að sál míni  
slíti sig frá biturri sorg sinni,  
og varpi af sér brennandi ástriðu  
eins og vorið fellir blóm sín.

3. Kveðja

Hve allt deyr skjótt, rósin  
í blóma,  
og fersk og litskrúðug kápa  
engjanna;  
andvörpin löngu, allar sem eru ástfólgunar,  
liðnar burt sem reykur!

Í þessari léttuðugu veröld sjáum við  
umbreytast  
hraðar en öldur brotna við strönd  
drauma vora,  
hraðar en frostrósir fölna  
hjörtu vor!

Ég hélt ég væri þér trúr,  
harðbrjósta kona,  
en æ, langvinnustu ástirnar  
eru skamar!  
Og um leið og ég kveð töfra þína segi ég  
án tárar,  
Í þann mund sem játningin brennur á vörum mér,  
vertu sæl!

Reynir Axelsson